



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Seljaborg

2021 - 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans.....	4
Leiðarljós leikskólans.....	4
1 Greinargerð leikskólastjóra.....	5
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021.....	7
3 Innra mat deilda.....	11
3.1. Innra mat Lundur.....	11
3.2. Innra mat Lækur.....	15
3.3. Innra mat Tjörn.....	20
4 Innra mat sérkennslu.....	26
5 Innra mat - fjöltyngd börn.....	28
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	31
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	32
8 Foreldrasamvinna.....	33
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	35
10 Fylgigögn.....	36
10.1 Fylgiskjal 1 Skóladagatal 2021 -2022.....	36
10.2 Fylgiskjal 2 Menntastefna umsókn 2021.....	36
10.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs.....	36



Leiðarljós leikskólans

Leiðarljós leikskólans

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og er upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Í samstarfi við foreldra eflir leikskólinn alhliða þroska barna, stuðlar að öryggi þeirra og vellíðan.

Mikilvægt er að veita börnum hvetjandi uppeldisumhverfi þar sem allir fá viðfangsefni við hæfi. Í Seljaborg er lögð áhersla á að börnin fái notið bernsku sinnar í leik og starfi og að þeim sé sýnd virðing og umhyggja.

Allir eru fullgildir þátttakendur í samfélagi leikskólans þar sem áhugi, hæfni og styrkleikar einstaklingsins fá notið sín. Litið er á menntun, uppeldi og umönnun sem eina heild. Markmið okkar er að hvert barn fái notið sín og verði sjálfstæðir og félagslega sterkir einstaklingar.



1 Greinargerð leikskólastjóra

Það er óhætt að segja að síðasta starfsár hafi verið ár áskorana og nýrra verkefna, ásamt hefðbundnum, fjölbreyttum og skemmtilegum verkefnum.

Stjórnendur Seljakots tóku við stjórnartaumunum í leikskólanum Seljaborg með stuttum fyrirvara haustið 2020. Það var afar gott að koma í Seljaborg, það var virkilega vel tekið á móti okkur og við fundum strax að starfsmannahópurinn var jákvæður, metnaðarfullur og kraftmikill. Fljótlega var byrjað að breyta og bæta starfið og starfsaðstæður bæði barna og kennara. Seljaborg hafði áður starfað í anda Hjallastefnunnar en með tímanum hafði frekar fjarað undan þeim áherslum. Í kjölfar breytinganna var keypt inn nýtt námsefni, leikföng og bækur, auk þess sem húsgögn voru endurnýjuð.



Nýbygging reis við leikskólann Seljakot og leikskólinn sjálfur var nánast gerður fokheldur með tilheyrandi raski, hávaða og álagi fyrir kennara og börnin. Þegar þetta er ritað þá er farið að sjá fyrir endann á framkvæmdunum. Það er mikil tilhlökkun og áskorun að hefja nýtt starfsár í nánast nýjum leikskóla þar sem starfsaðstæður barna og kennara verða gjörbreyttar og til fyrirmyndar.

Um áramótin hófst stytting vinnuvikunnar, vinnuvikan fór úr 40 stundum í 36 stundir. Áður hafði farið mikil og ómetanleg vinna hjá vinnutímahópnum bæði í Seljakoti og Seljaborg við að fara yfir helstu áskoranir,

starfsaðstæður, breytingar á verklagi, vinnutíma starfsmanna, skipulag starfsins og svo mætti lengi telja. Kennarar tóku styttingunni fagnandi enda um kærkomna og afar fjölskylduvæna þróun á vinnumarkaði að ræða. Almenn ánægja er meðal



starfsmanna hvernig til tókst. Engu að síður má segja að vinnustyttingin hafi bæði kosti og galla.

Heimsfaraldurinn hélt áfram að geisa, sem hafði gríðarleg áhrif á okkur og starfið í leikskólanum. Við erum komin í góða þjálfun við að herða og slaka á sóttvarnareglum. Skólastarfið, samskipti á milli hópa og samskipti við foreldra voru mjög takmarkandi og setti það lit sinn á allt skólasamfélagið. Starfsmannahópurinn sýndi mikið umburðarlyndi, seiglu og þolinmæði,

sem undirrituð er ævinlega þakklát fyrir. Það er gott að tilheyra og starfa þar sem metnaður og vinsemd er ríkjandi.

Seljakot og Seljaborg hafa skilað uppfærðri aðgerðaráætlun vegna Menntastefnunnar til SFS. Áfram er lögð áhersla á



félagsfærnina og sjálfshjálpin en að auki ætlum við að byrja að innleiða mál- og læsi þátt Menntastefnunnar, sjá markmið og aðgerðaráætlun í fylgiskjali.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Vegna stjórnendaskipta í Seljaborg og nýrra áherslna í kjölfarið var ekki unnið samkvæmt umbótaáætlun leikskólans fyrir starfsárið 2020 - 2021. Þó viljum við taka fram þessa þætti hér að neðan sem unnir voru á starfsárinu.

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Stytting vinnuvikunnar	Vinnuhópur, einn úr hverju stéttarfélagi og stjórnendur undirbjuggu og kynntu fyrir starfsfólki.	Starfsmenn Seljaborgar.	Verkefnið gekk vel og mikil ánægja með niðurstöður. Þó vantar fjármagn með verkefninu.
Bæta starfsaðstæður	Breyttar áherslur með nýjum stjórnendum. Farið frá Hjallastefnunni og í kjölfarið var keypt inn mikið af nýju námsefni, leikefni og húsgögn endurnýjuð.	Deildarstjórar í samvinnu við stjórnendur. Deildir á skipulagsdögum.	Fólk er almennt ánægt með breytingar en góðir hlutir taka tíma og þetta er enn í þróun og verður því unnið með þetta áfram á komandi skólaári.



Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats
Viðhorfskönnun foreldra	Viðhorfskönnun á netinu.	Foreldrar í Seljaborg.	Á heildina litið var ánægja með starfið, þó mátti greina eðlilegar vangaveltur v/ breytinganna.
Viðhorfskönnun starfsfólks	Viðhorfskönnun á netinu.	Starfsfólk í Seljaborg.	Almenn ánægja í flestum þáttum. Það mátti greina bæði væntingar og óöryggi vegna breytinganna.

Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022



UMBÓTAPÁ TTUR/ MATSPÁTT UR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Áby rgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðfer ðir?	Viðmið um árangur
Uppeldis- og menntastar f							
Orðaspjall	Að auka orðaforða og málskilning barnanna.	Fá námskeið frá Miðju máls og læsis um notkun Orðaspjalls aðferðarinnar	Sigr íður	Haust 21	Vor 22	Deildarstjór afundir umræður um hvort verið sé að vinna með aðferðina.	Að starfsfólk nýti sér aðferðina í starfi með börnunum.
Lubbi finnur málbein	Aukin málörvun með áherslu á hljóðkerfis- vitund og bókstafa- þekkingu.	Innleiðing námsefnisins Lubbi finnur málbein.	Ragn heið ur	Haust 2021	Vor 2022	Metið á skipulags- dögum í starfsmanna hópnum og á deildarstjór afundum.	Að starfsfólk nýti sér aðferðina í starfi með börnunum.
Mannauður /Leikskólab ragur							
Nýtt vinnu umhverfi	Vinna að því að festa betur í sessi nýjar áherslur í	Umræðaur á deildarstjórufu ndum og skipulagsdögum.	Ragn heið ur	Haust 2021	Vor 2022	Deildarstjór afundir yfir skólaárið. Rafræn	Að starfsfólk finni að vinnuumhverfi ð sé gott,



	starfinu. Matstofu, dagskipulag, styttingu vinnuvikunnar.	Hafa umræðuna lifandi um það sem betur má fara.				könnun að vori.	faglegt og starfsfólki líði vel í starfi.
--	---	--	--	--	--	--------------------	---

3 Innra mat deilda

3.1. Innra mat Lundur

Leikskólaárið 2020-2021 voru 13 börn á Lundi, 2 fædd árið 2017, 10 fædd árið 2018 og 1 barn fætt 2019. Barnahópurinn var að stórum hluta mjög orkumikill og með mikla hreyfipörf. Til að svara hreyfipörfinni voru þau mikið í útiveru og gekk það mjög vel. Einnig þurftu þau talsverðan stuðning við félagsleg samskipti. Á árinu voru gerðar miklar breytingar á starfinu með frábærum árangri. Nýir stjórnendur tóku við um haustið og í samráði við starfsfólk var ákveðið að hverfa frá Hjallastefnunni og vinna út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Deildin fékk yfirhalningu og mikið af nýju námsefni var keypt.



Á Lundi var mikil áhersla lögð á málörvun, bæði í daglegu starfi og í samverustundum, og lærðu börnin meðal annars lag vikunnar. Mörg fjöltyngd börn voru á deildinni og fengu þau sérstakar málörvunarstundir tvisvar sinnum í viku, hálf tíma í senn, þar sem notast var m.a. við bóklestur og spil. Stuðst var við námsefnið Lubbi finnur málbein að einhverju leyti en markmið næsta árs verður að nýta það enn betur þar sem starfsmenn hafa nú lokið Lubbanámskeiði. Við teljum námsefnið henta þessum aldurshópi mjög vel. Á næsta ári verður jafnframt lögð áhersla á virka hlustun og „ég-boð“.

Börnin þurftu mörg töluverða hjálp við félagsleg samskipti og var stuðst við vináttuverkefnið Blæ. Blær var notaður til þess að örva samskipti, félagslega vitund og samkennd meðal barnanna með góðum



árangri. Auk þess voru hengd upp veggspjöld tengd félagsfærni í hæð barnanna sem vakti hjá þeim mikinn áhuga. Verkefnið býður upp á fjölmörg önnur námsgögn og verður það verkefni næsta árs að vinna meira markvisst með Blæ.

Aukin útivera, sérstaklega fyrir þau börn sem höfðu mesta hreyfipörf, gekk mjög vel. Á

næsta ári verður lögð meiri áhersla á útinám þar sem hreyfifærni barnanna verður eflað með göngutúrum og auðveldum þrautum. Nærumhverfið okkar verður auk þess nýtt til að efla náttúruvitund barnanna.

Síðastliðið leikskólaár var vissulega krefjandi vegna Covid-19 og breytinga á skólastarfi en gekk vonum framár. Allir lögðust á eitt við að sinna starfinu eftir bestu getu þrátt fyrir erfiðleika við að fylgja markmiðum síðasta árs eftir. Það verður því áskorun næsta árs að fylgja eftir nýjum markmiðum líkt og markvissari málörvun, öflugra hópastarfi, útinámi og frekari vinnu með Blæ.



UMBÓT A ÞÁTTUR / MATS ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Áb yrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig og hvenær metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Félags- og tilfinninga vitund	Efla félags- og tilfinninga þroska barna með áherslu á samskipti, vináttu og tilfinningatjáningu.	Í samverustundum verður notast við Blæ (sögur, tónlist og verkefni). Dagleg samskipti í frjálsum leik með áherslu á vinsemd og jafnræði. Samvinnuverkefni í hópastarfi.	Gra do	Sept 2021	Júní 2022	Gögnum safnað með myndaskráningu m, setningum og atferli barnanna kannað út frá spurningum kennara.	Börnin þekki og kunni að tjá helstu tilfinningar sínar. Beri virðingu fyrir tilfinningum annarra og að þau sjálf geti haft áhrif á tilfinningar annarra.
Læsi og málörvun	Efla málþroska, orðaforða og samskiptahæfni barnanna með áherslu á námsefnið Lubbi finnur málbein.	Samverustundir Lubbi, bóklestur, samræður, samskipti í daglegu starfi m.a. fataklefa, bleyjuskipti og fl.	Sirr ý	Sept 2021	Júní 2022	Skráning í Tras og Efi2 próf. Deildarfundir. Reglulegar skráningar á samskiptum barnanna.	Að tveggja ára börn séu byrjuð að nota tveggja orða setningar, sýni áhuga á samskiptum í leik. Börnin séu farin að færa sig úr hlið við hlið leik yfir í hlutverkaleik.



							Börnin sýni áhuga á bókum og söng.
Hreyfin g og vettvang sferðir	Efla hreyfiproska barnanna með þrautaleikjum, útivist og vettvangsferð um.	Fara í göngutúr einu sinni í viku, nýta náttúruna hér í kring. Nýta þríhjólin, bolta og annan efnivið til hreyfingar. Setja upp þrautabrautir inni og úti.	Jess ica	Sept 2021	Júní 2022	Gögnum safnað með ljósmyndum, almennu mati á hreyfiproska barnanna. Þekking þeirra á náttúrunni skráð t.d. lækur, skógur og fl. Demantaaðferð.	Að börnin kynnist náttúrunni, efli hreyfiproska sinn, efli úthald í hreyfingu og að börnin læri að bera virðingu fyrir umhverfinu sínu.

3.2. Innra mat Lækur

Leikskólaárið 2020-2021 voru 17 börn á Læk, fimm fædd árið 2016 og tólf fædd árið 2017. Vinsemd og samheldni einkenndi barnahópin en mikil vinátta ríkti meðal barnanna. Starfið tók miklum breytingum á árinu og gekk það einstaklega vel. Nýir stjórnendur tóku við um haustið og ákveðið var að hverfa frá Hjallastefnu í átt til Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Bæði börnum og starfsfólki gekk mjög vel að aðlagast breyttum aðstæðum en margar skemmtilegar nýjungar litu dagsins ljós. Þar má nefna matstofu, sem veitti börnunum tækifæri til að efla sjálfstæði og sjálfshjálp, og frjálсан leik.

Hópastarfið fór vel af stað um haustið. Börnunum var skipt í þrjá hópa, í einum hóp voru börn fædd 2016 en í hinum tveimur voru börn fædd árið 2017. Hópastarf var tvisvar sinnum í viku og var meðal



annars áhersla lögð á að safna verkum barnanna í ferilmöppur. Markmiðið var að skráning yrði skilvirkari og myndi sýna þroska barnanna á myndrænan hátt. Í júní voru hópstjórar búnir að safna saman verkefnunum vetrarins og fengu þá börnin að líta yfir verkin sín og segja sína skoðun á þeim. Umsagnirnar voru skráðar niður og verður stuðst við þær við undirbúning ferilmöppu næsta skólaárs.

Eitt af markmiðum okkar síðastliðið skólaár var að kenna börnum dans til að mæta hreyfipörf þeirra í leik- og samskiptum. Verkefnið gekk vel og lærðu börnin um það bil fimm dansa sem æfðir voru í samverustundum. Teljum við að þessi dansmenning sé komin til að vera hjá okkur í Seljaborg þar sem börnin fá útrás og skapandi stundir myndast.

Á þessu skólaári stefndum við einnig að því að auka foreldrapátttöku. Það gekk einstaklega vel og mikil samstaða myndaðist í kjölfar Covid-19 þrátt fyrir að minna væri um samskipti í



eigin persónu. Um haustið voru foreldraviðtöl haldin símleiðis en eftir áramót gátum við boðið foreldrunum að koma í viðtöl í leikskólanum. Við byrjuðum einnig að notast við nýja samskiptaleið við foreldra í gegnum leikskólaappið VALA en upplýsingar um mat og svefn barnanna voru færðar þangað inn. Jafnframt var

stofnuð Facebook síða og koma þar inn upplýsingar til foreldra og myndir frá starfinu.

Mikill áhugi var meðal barnanna á bókstöfum. Annað markmið okkar var að börnin myndu læra að tengja stafi og hljóð og læra að þekkja að minnsta kosti 20 hljóð. Það gekk ágætlega, ritmál var gert sýnilegt á veggjum í hæð barnanna og sýndu þau því mikinn áhuga. Í samverustundum og hópastarfi var rætt um hljóð stafanna, hver ætti hvaða staf og stafirnir tengdir við starfið. Við teljum að vel hafi tekist til en alltaf er rými til endurbóta. Á næsta ári ætlum við að vinna með námsefnið *Lubbi finnur málbein*.

Unnið var með vináttuverkefnið Blær og nýttist það til að vekja athygli barnanna á því að vera góður vinur. Bangsarnir voru notaðir í daglegu starfi, til að mynda í hvíld, og voru þeir hafðir á áberandi og aðgengilegum stað. Blær hefði þó mátt vera betur nýttur og er það áskorun fyrir næsta ár, þ.e. að gera starfið markvissara, efla starfsfólk í vinnu sinni með Blæ og nýta meira af þeim gögnum sem fylgja verkefninu.

Leikskólaárið gekk með eindæmum vel á Læk þrátt fyrir miklar breytingar og takmarkanir vegna Covid-19. Allir sinntu starfi sínu af bestu getu og lögðust á eitt.



UMBÓTA PÁTTUR/ MATSPÁ TTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Félagsfærni Vinátta Blær	Styrkja samskipti og stuðla að vináttu í barnahópnum	Einn dagur í viku tileinkaður Blæ. Myndræn sýnileg gögn á veggjum. Áhersla á dagleg samskipti, vinsemd, tilfinningar og virðingu.	Kristín	Sept 2021	Jan 2022	Ljósmyndaskráni ngar. Skráningar kennara eftir Blæ hópatíma. Rýnihópar barna í byrjun, miðju og lok verkefnis.	Að börnin geti tjáð tilfinningar sínar og hafi tileinkað sér virðingu í samskiptum og vináttu.
Matstofa / sjálfshjál p	Að börnin verði sjálfbjarga í matstofu.	Hvetja börnin til að gera sjálf og þau aðstoði hvert annað.	Sara	Sept 2021	Jan 2022	Samræður í samverustundum. Demantaaðferð. Rýnihópar barna í byrjun, miðju og lok verkefnis.	Að börnin öðlist aukið sjálfstæði og nái hæfni til að skammta sér sjálf.
Læsi/ Lubbi	Að auka hljóðkerfis vitund.	Í samverustundum tvisvar í viku. Lubbaefni verði sýnilegt á veggjum í hæð barnanna.	Sandra	Sept 2021	Maí 2022	Samantekt á heildarniðurstöð um Tras og umræður á deildarfundum.	Að börnin nái að tengja stafina við hljóð og sýni stöfum áhuga.



Flakk	Að börn og kennarar kynnist þvert á deildir.	Flakk sé tvisvar í viku á öllum deildum skólans.	Sandra	Sept 2021	Maí 2022	Verður metið jan 2022 og maí 2022. Demantaaðferð með börnum og á deildarfundum með kennurum.	Að börnin séu orðin örugg á öðrum svæðum skólans en heimastofu.
-------	--	--	--------	-----------	----------	--	---

3.3. Innra mat Tjörn

Leikskólaárið 2020-2021 voru 18 börn á Tjörn, 13 fædd árið 2015 og 5 fædd árið 2016. Barnahópurinn var sérstaklega samheldinn og einkenndist af vinsemd og virðingu. Miklar breytingar voru gerðar á starfinu og gekk það vonum framar. Nýir stjórnendur tóku við um haustið og var meðal annars ákveðið að hverfa frá Hjallastefnunni og vinna út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Sú breyting gekk einstaklega vel fyrir sig.

Haustið fór vel af stað með áherslu á hópastarf, samverustundir og félagsfærni. Börnunum var skipt í tvo hópa eftir aldursári og var einn



kennari með hvorn hóp. Hópastarf var tvisvar sinnum í viku og var meðal annars unnið að því að safna verkum barnanna í ferilmöppur. Í ferilmöppuna fóru skriflegar og myndrænar skráningar, teikningar og önnur gögn en hópstjórar höfðu yfirsýn yfir hvað skyldi fara í möppuna. Börnin voru mjög áhugasöm um þau verkefni sem þau fengu í hendur, líkt og að teikna sjálfsmyndir og fjölskyldumyndir. Í ferilmöppurnar fóru einnig ýmsar upplýsingar um barnið, árstíðatengd verkefni og myndir úr starfinu.

Hópastarf var jafnframt nýtt til útiveru og vettvangsferða og tók elsti hópurinn þátt í verkefninu *Sofnað að hausti, vaknað að vori* á vegum Grasagarðsins. Börnin fóru í heimsókn í Grasagarðinn að hausti og plöntuðu þar túlípanalauk sem var kominn í blóma í næstu heimsókn þeirra um vorið. Hópurinn hafði mikinn áhuga á öllu ferlinu. Elsti hópurinn fór auk þess í íþróttir á vegum ÍR en þær stundir urðu ekki jafn margar og vonast var til vegna Covid-19 takmarkana. Þá féllu



einnig niður aðrar árlegar upptökur líkt og heimsókn Slökkviliðsins í leikskólann og ferð í Hörpuna. Skólaárið endaði engu að síður á útskriftarferð í Viðey.

Í daglegum samverustundum var sama hópaskipting og var sérstök áhersla lögð á lestur.

Markmiðið var að vekja áhuga barnanna

á bókum og lestri og hvetja foreldra þeirra til að lesa meira heimavið.

Í hádegis- og síðdegissamverum völdu kennarar bækur sem þeir töldu henta best fyrir hvern aldurshóp. Ákveðið var að fresta árlegu lestrarátaki, Bókaorminum, vegna Covid-19 og takmörkunum sem því fylgdu.

Vináttuverkefnið Blær fór vel af stað og nýttist við eflingu félags- og tilfinningavitundar barnanna. Bæði börn og kennarar voru mjög áhugasöm og var Blær tengdur við starf deildarinnar með góðum árangri. Börnin fengu til dæmis að hafa Blæ hjá sér í hvíld á hverjum degi, bangsarnir voru hafðir í auglýsingu á aðgengilegum stað og höfðu börnin óhindrað aðgengi að þeim. Notast var sérstaklega við samræðuspjöld Blæs en áhugaverðar og skemmtilegar umræður



mynduðust oft meðal barnanna í kjölfarið. Verkefnið býður upp á fjölmörg önnur námsgögn og er það áskorun fyrir næsta skólaár að vinna meira með þau, líkt og sögubækur um Blæ, vinanudd og vinasöngva.

Þetta var krefjandi ár á Tjörn vegna breytinga og takmarkana vegna



Covid-19 en gekk vonum framar miðað við aðstæður. Allir lögðust á eitt og sinntu starfinu eftir bestu getu. Það eru þó ávallt tækifæri til umbóta, svo sem markvissari málörvun og aukin vinna með Blæ.

UMBÓTAP ÁTTUR/M ATSPÁTTU R	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Áby rgð	Hef st	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun	Að auka orðaforða og málskilnin g barnanna.	Í daglegu starfi eru lesnar bækur og kennd lög, úr efninu er svo valið orð til útskýringar. Notast er við orðaforðalista frá Menntamálastof nun. Töfrakassi (börnin segja frá því sem þau tóku að heiman). Orðabók (börnin búa til myndaorðabók).	Bryn ja	Sep t 21	Maí 22	Safna gögnum: TRAS skráningar, hæfniráttar í íslensku, orðabók barnanna. Samantekt á niðurstöðum á deildarfundum í lok hverrar annar.	Börnin læri 3-5 orð á viku og búi til mynda- orðabók.
Vináttu- verkefnið Blær	Að gera vináttu- verkefnið Blær að föstum	Að vinna tvisvar í viku með sögur, lög, og önnur Blæ námsgögn.	Jen ný	Ágú st 202 202 1	Maí 202 2	Gögnum verður safnað í bók (umræður skráðar niður, hugarkort, myndir) þar sem skráðar verða	Að börnin öðlist betri tilfinninga- greind og sýni meira sjálfstæði,



	þætti í starfinu.					Blæstundir og metið í janúar 2022 og maí 2022.	kurteisi, umburðarlyndi og virðingu gagnvart sér og öðrum.
Flakk	Að börn þekki leikskólann, kennara og leikföng.	Að flakk sé tvisvar í viku á öllum deildum.	Sara	Sep t. 2021	Maí 2022	Verkefnið verður metið í janúar 2022 og maí 2022 (á deildarfundum kennara og með demantaaðferð hjá börnum).	Að börnin þekki deildirnar og kennara og séu örugg á öllum stöðum í húsinu.
Vettvangsferðir	Að börnin kynnist umhverfi og náttúru á eigin forsendum.	Vikulegir göngutúrar og vettvangsferðir (2-3 á önn).	Brynja	Sep t. 21	Júní 22	Demantaaðferð í janúar og júní 2022. Gögnum safnað í minningabók og árstíðabók (myndir, bæklingar, lauf, blóm...). Börnin fá að segja sína skoðun á ferðum með umræðu í hópatíma, svörin eru skráð og rýnd.	Að börnin kynnist nærumhverfi sínu betur.



4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Í byrjun árs var gerð tafla sem sýndi hverjir eru með stuðning og hversu marga tíma. Stuðningsaðilum var komið inn í hvað þau þurfa að gera og hvaða skráningaform er notað eftir einstaklingsþjálfun.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	Íslenski þroskalistinn, smábarnalistinn, TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og EFI-2.
Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d. notuð aðkeypt námsgögn?	Nýttir voru hugmyndabankar af internetinu auk fjölda nýrra aðkeyptra spila og námsgagna.

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvunarstundir fyrir þau börn sem koma illa út úr fyrri skimun á EFI-2 og HLJÓM-2.	Að þau auki færni sína í íslensku.	Tökum 1-2 börn í málörvunarstundir 2x í viku.	Sibba	ágúst	Júlí	EFI-2 og HLJÓM-2.	Að þau komi betur út í seinni skimuninni.
Einstaklingsáætlanir	Að breyta formi og virkja stuðningsaðila í notkun þess.	Að sérkennslustjóri og stuðningsaðili fylli nýja formið út saman.	Sibba	ágúst	júlí	Fundir með stuðningsaðilum.	Að börnin sýni framfarir.
Vikulegir fundir með stuðningsaðilum	Að samskipti milli sérkennslustjóra og	Set upp stundaskrá hvenær stuðningsað	Sibba	ágúst	des	Samtal í lok árs 2021 og athugað	Að stuðningsaðilum líður betur í vinnunni.

	stuðningsaðil a verði markvissari.	ilarnir eru í undirbúning og tek þá stutt spjall við þá um hvernig gengur og hvort þau þurfi e-ð.				hvort þeim þykir þetta gott að hafa vikulega fundi.	
Fundir með deildastjórum.	Að samskipti milli deildastjóra, sérkennslustjóra og verkefnastjóra órá fjölmenninga r verði markvissari.	Sérkennslu stjóri boðar deildastjóra á fund í byrjun skólaárs, janúar og í maí.	Sibb a	ágúst	maí	Samtal í lok skólaársins um hvað þarf að bæta?	Að samskipti milli stjórnenda verði markvissari.



5 Innra mat - fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Í laun verkefnastjóra.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Sérkennslustjóri tók reglulega hóp af börnum saman í spilastundir, fjöltyngd börn og málstyrkir.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Allir starfsmenn tóku þátt í málörvun að einhverju leyti í les- og samverustundum.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Já, notast var við niðurstöður úr EFI-2 og HLJÓM-2.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	LÆM verkefnið var haft til hliðsjónar í starfinu.

Umbótaáætlun - fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Áb yr gð	Hef st	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Mat á hæfni fjöltyngdra barna í íslensku	Að leggja mat á hæfni fjöltyngdra barna í íslensku.	Deildarstjórar fylla út töflu sem unnin er upp úr hæfni-römmunum.	Br ynj a	ágúst	júlí	Reglulegt endurmat á tveggja mánaða fresti.	Að börnin nái að ljúka sem flestum áföngum fyrir skólagöngu.

Gefðu 10	Efla íslenskukun náttu fjöltyngdra barna og virkja starfsfólk til þátttöku.	Velja 2 börn á hvorri deild til að fá 10 mínútur á dag að lágmarki í 2 vikur í senn og minna á verkefnið í upphafi hverrar viku.	Br ynj a	ágú st	júlí	Fylgjast með skráningarbl aði.	Að fjöltyngdu börnin auki færni sína í íslensku og að allt starfsfólk taki virkan þátt.
Uppruni fjöltyngdra barna	Gefa fjöltyngdu m börnum tækifæri til að deila sínum uppruna með öðrum.	Ýmis verkefni líkt og að lesa sögur frá heimalöndunum, kynna tungumálið, landið, þjóðhátíðardaga.	Br ynj a	ágú st	júlí	Hafa skráningarbl að með lista yfir öll börn og uppruna þeirra.	Efla sjálfstraust fjöltyngdra barna.
Umhverfi	Passa að umhverfi barnanna endurspegli fjölbreytileika barnahópsins.	Setja upp myndir sem endurspeгла fjölbreytileika samfélagsins, yfirfara bókakost og leikföng.	Br ynj a	ágú st	júlí	Nota matsblaðið „Mat á umhverfi leikskólans“ úr skýrslu Lækjarborgar Fjölmenningsarlegur leikskóli.	Gera fjölbreytileika leikskólans sýnilegri.



Foreldrasamstarf	Að koma á góðum samskiptum á milli leikskóla og foreldra barna af erlendum uppruna.	Taka vel á móti foreldrum við upphaf leikskólagöngu, tryggja að mikilvægar upplýsingar séu aðgengilegar fyrir foreldra sem ekki tala íslensku.	Brýnja	ágúst	júlí	Fylgjast með þátttöku foreldra í leikskólastarfi.	Efla foreldrasamstarf
------------------	---	--	--------	-------	------	---	-----------------------



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl eru fyrirhuguð með nýju og breyttu sniði. Markmiðin verða þau sömu og áður en notast verður við snerpusamtöl. Þar er áhersla lögð á stutt og hnitmiðað viðtal en á móti boðað til þeirra oftar yfir skólárið, eða tvisvar á hvorri önn.

Hvert samtal inniheldur ákveðið þema:

- Viðtal 1.** Starfsánægja, starfsandi og samskipti
- Viðtal 2.** Styrkleikar og hæfileikar
- Viðtal 3.** Tækifæri til vaxtar, þjálfun og starfsþróun
- Viðtal 4.** Nýsköpun og stöðugar framfarir

Símenntun frá síðasta ári

- Lestur fræðibóka og greina
- Menntastefnumót
fjarráðstefna
- Morgunverðarfundir hjá
Rannung
- Menntakvika HÍ
- Fræðsla og umræður á
skipulagsdögum/jafningjafræðsla
- Sérkennslustjórafundir
- Stjórnendadagur Reykjavíkurborgar
- Barnaheill: námskeið
- Fundir með tengiliðum fjölmennningar



Reynt er eftir fremsta megni að gefa starfsmönnum tækifæri til að sækja áhugaverð námskeið sem upp koma á starfsárinu ef þau eru starfinu til heilla. Mikilvægt er að gefa starfsmönnum tækifæri til að sækja fyrirlestra, ráðstefnur

og málþing er varða leikskólastarfið. Símenntun leikskólans tekur mið af skólanámskrá leikskólans, Aðalnámskrá leikskóla, starfsáætlun Skóla- og frístundasviðs og nýrri Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Fræðsla, mat og umræður fara að mestu fram á skipulagsdögum leikskólans. Vegna Covid-19 var lítið hægt að sækja námskeið og ráðstefnur. Við nýttum mannauð innan skólans og fundum í sameiningu mikið af fræðigreinum, meistararitgerðum og öðru lesefni sem okkur þykir nýttast vel í starfinu í Seljaborg.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Skólastjórnendur í Seljahverfi hafa ekki náð að skipuleggja samstarf næsta skólaárs til hlítar en þar sem það hefur verið í nokkuð föstum skorðum síðastliðin ár (að síðasta ári undanskildu v. covid 19) þá má gera ráð fyrir að skipulagið verði nokkurn veginn svona:

- September: Deildarstjórar elstu barna og umsjónarkennarar 1. bekkjar grunnskólanna hittast og ræða komandi skólaár, farið er yfir hvernig skólaheimsóknir gengu og þær endurmetnar. Einnig er farið yfir komandi samstarf á nýju skólaári.
- Skólastjórar hittast á samráðsfundi í byrjun september.



- Október: Gamlir leikskólanemendur koma í heimsókn til okkar úr báðum grunnskólum.
- Nóvember: Heimsóknir elstu barna okkar í grunnskólana í litlum hópum. Nemendur úr 7. bekk Ölduselsskóla koma og lesa fyrir allar deildir á Degi íslenskrar tungu.
- Febrúar: Elstu börnin okkar fara í heimsókn tvö í grunnskólana.
- Mars: Skólastjórnendur hittast til að ákveða sameiginlega skipulagsdaga fyrir skólaárið 2021- 2022.
- Maí: Elstu börnin okkar fara í heimsókn þrjú í grunnskólana. Leikskólinn skilar gögnum varðandi börnin til grunnskólanna.
- Báðir grunnskólarnir í hverfinu, Seljaskóli og Ölduselsskóli hafa boðið elstu börnunum að koma á nemendaleiksýningar og þá er okkur boðið í Ölduselsskóla fyrir páskana að skoða páskaunga sem eru þar ár hvert.

8 Foreldrasamvinna

Samkvæmt 9. gr. laga um leikskóla skulu foreldrar gæta hagsmuna barna sinna. Þeir skulu hafa náið samstarf við starfsfólk leikskóla, fylgjast



með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barna. Foreldrar skulu jafnframt eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og stöðu barna sinna. Eigi í hlut foreldrar sem tala ekki íslensku eða nota táknmál skal skóli leitast við að tryggja þeim túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta heimilis og skóla.

- Boðið er upp á valfrjáls foreldraviðtöl í nóvember 2021.
- Foreldraviðtöl verða fyrir alla foreldra í janúar/febrúar og í maí/júní fyrir foreldra barna sem hefja grunnskólagöngu að hausti.
- Við minnum einnig á að foreldrar geta alltaf fengið viðtal ef þess er óskað.
- Kynningarfundur fyrir foreldra barna sem byrja í Seljaborg sumar/haust 2022 verður haldinn í maí/júní 2022 og/eða foreldrar verða boðaðir í viðtal eftir því sem við á.
- Allir nýir foreldrar eru boðaðir í viðtal í lok ágúst.

Foreldraráð

Í foreldraráði sitja tveir til þrír foreldrar auk leikskólastjóra.

Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd

skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt varðandi allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi (Lög um leikskóla 90/2008).



Foreldrafélag

Í foreldrafélaginu sitja þrír - fjórir foreldrar auk áheyrnarfulltrúa starfsmanna, kosið er í félagið að hausti. Foreldrafélag Seljaborgar stendur fyrir ýmsum uppákomum bæði utan og innan leikskólatíma og hefur borið kostnað af ýmsu sem við myndum annars ekki gera, eins og t.d. leiksýningar. Ferðir utan leikskólatímans eru skemmtileg viðbót við leikskólastarfið og gefur fjölskyldum leikskólabarnanna tilefni til að kynnst og skemmta sér saman.



9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

- Föstudagur 10. september
- Föstudagur 15. október, allir skólar í Seljahverfi
- Föstudagur 26. nóvember, allir skólar í Seljahverfi
- Mánudagur 7. febrúar
- Miðvikudagur 16. mars, allir skólar í Seljahverfi
- Föstudagur 13. maí

Við fáum sex daga á ári til að skipuleggja leikskólastarfið og til að stunda símenntun. Þessir dagar koma fram í starfsáætlun leikskólans og eru auglýstir með góðum fyrirvara. Að þessu sinni eru þrír dagar á starfsárinu samræmdir, þ.e. allir leik- og grunnskólar í Seljahverfi eru með skipulagsdaga 15. október, 26. nóvember og 16. mars.

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 1 Skóladagatal 2021 -2022

10.2 Fylgiskjal 2 Menntastefna umsókn 2021

10.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Seljaborgar

Sigríður Kristín Jónsdóttir

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 - 2022
Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs



Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXXX XXXXX

XXXXXX XXXXXXXX

XXXXXX XXXXXXXX

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati.

Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr Menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:



- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist Menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt Menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkenntu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til Skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí.

Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráð til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati Skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:





ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		
1	S		1	M		1	F		1	M	Fullveldisdagurinn	1	L	Nýársdagur	1	Þ		1	F		1	M
2	M	Frídagur verslunarmanna	2	F		2	L		2	F		2	S		2	M		2	L		2	F
3	Þ	Sumarlokun	3	F		3	S		3	M		3	M		3	F		3	S		3	F
4	M	Sumarlokun	4	L		4	M		4	F		4	Þ		4	F		4	M		4	L
5	F	Sumarlokun	5	S		5	Þ		5	F		5	S		5	L		5	L		5	S
6	F	Sumarlokun	6	M		6	M		6	L		6	M		6	F		6	M		6	F
7	L		7	Þ		7	F		7	S		7	Þ		7	F		7	M		7	L
8	S		8	M	Dagur læsis	8	F		8	M	Baráttudagur gegn einelti	8	M		8	L		8	Þ		8	S
9	M	Sumarlokun	9	F		9	L		9	Þ		9	F		9	S		9	M		9	F
10	Þ	Sumarlokun	10	F	Skipulagsdagur	10	S		10	M		10	F		10	M		10	F		10	S
11	M	Sumarlokun	11	L		11	M		11	F		11	L		11	Þ		11	F	Dagur íslenska táknmálsins	11	F
12	F	Leikskólinn opnar	12	S		12	Þ		12	F		12	S		12	M		12	L		12	L
13	F		13	M		13	M		13	L		13	M		13	S		13	S		13	S
14	L		14	Þ		14	F		14	S		14	Þ		14	F		14	M	Dagur stærðfræðinnar	14	F
15	S		15	M		15	F	Skipulagsd. allir Seljahverfi	15	M		15	M		15	L		15	Þ	Sprengidagur	15	Þ
16	M		16	F	Dagur íslenskrar náttúru	16	L		16	Þ	Dagur íslenskrar tungu	16	F		16	S		16	M	Öskudagur	16	M
17	Þ		17	F		17	S		17	M		17	F		17	M		17	F		17	F
18	M		18	L		18	M		18	F		18	L		18	Þ		18	F		18	F
19	F		19	S		19	Þ		19	F		19	S		19	M		19	L		19	L
20	F	Elstu börn hætta	20	M		20	M		20	L	Dagur mannréttinda barna	20	M		20	F		20	S	Konudagur	20	S
21	L		21	Þ		21	F		21	S		21	Þ		21	F	Bóndadagur	21	M		21	M
22	S		22	M		22	F		22	M		22	M		22	L		22	Þ		22	Þ
23	M		23	F		23	L	Fyrsti vetrardagur	23	Þ		23	F	Þorláksmessa	23	S		23	M		23	M
24	Þ		24	F		24	S		24	M		24	F	Aðfangadagur jóla	24	M		24	F		24	F
25	M		25	L		25	M		25	F		25	L	Jóladagur	25	Þ		25	F		25	F
26	F		26	S	Evrópski tungumáladagurinn	26	Þ		26	F	Skipulagsd. allir Seljahverfi	26	S	Annar í jólum	26	M		26	L		26	L
27	F		27	M		27	M		27	L		27	F		27	S		27	S		27	S
28	L		28	Þ		28	F		28	S		28	Þ		28	F		28	M		28	M
29	S		29	M		29	F		29	M		29	M		29	L					29	Þ
30	M		30	F		30	L		30	F		30	S					30	M		30	M
31	Þ				31	S	Hrekkjavaka		31	F	Gamlársdagur	31	M					31	F			

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

A hluti umsókn um styrk 2020-2021

Áskoranir og tenging við menntastefnu

Hvaða áskorunum er verið að bregðast við með þessu verkefni? Af hverju er verkefnið mikilvægt?

Síðastliðið ár hefur verið ákaflega lærdómsríkt í Seljaborg. Hér eins og annars staðar höfum við tekist á við Covid. Einnig gengum við í gegnum breytingar þegar nýir stjórnendur tóku við. Starfsmannahópurinn þekktist vel og hefur unnið lengi saman og var hugur í fólki að gera breytingar á starfinu og að takast á við nýjar áskoranir. Í Seljaborg hefur verið starfað í anda Hjallastefnunnar og var ákveðið að víkja frá henni. Í lok árs var búið að kaupa mikið af námsgögnum og viljum við nýta þessar breytingar til þess að taka meira nýtt efni inn í tengslum við menntastefnuna. Við viljum halda áfram að styrkja okkur í félagsfærni því hún er grunnur að því að móta einstakling sem virkan þátttakanda í því samfélagi sem við búum í. Við teljum að efla þurfi vináttu og veita forvarnir gegn einelti í leikskóla. Börn eru félagsverur og hafa þörf fyrir samskipti og leiðir til þess að tjá sig á sem fjölbreyttastan hátt. Þegar börn standa sterkum fótum í samskiptum og leik styrkjast þau í félagsfærni og sjálfsmynd þeirra eflist. Læsi í leikskólasterfi er því mikilvægur þáttur í því að styrkja börn í félagsfærni. Við viljum því taka inn efnið Lubbi finnur málbein markvisst inn í starfið okkar. Við viljum fá námskeið fyrir allan starfsmannahópinn þannig að hægt verði að vinna með efnið þvert á deildir.

Við viljum einnig fá Vöndu Sigurgeirsdóttur hjá KVAN með fræðslu og námskeið um einelti, inngrip sem virka. Þetta námskeið fellur vel að félagsfærni þættinum og mun styrkja okkur sem kennara í að vinna með einelti ef/þegar slíkt kemur upp.

Einnig langar okkur að athuga möguleikann á því að fá leiksýningu fyrir börnin með Leikhópnum Lottu þar sem verið er að fjalla um mikilvægi vináttu og samlyndis. Leikhópurinn Lotta hefur í gegnum tíðina sett upp mörg þematengd leikrit og oft verið fjallað um vináttuna.

Hvaða þætti menntastefnunnar verður fyrst og fremst unnið að í verkefninu? Veljið eitt af eftirfarandi: *

- ☐ Að láta drauma barna rætast
- ☐ Fagmennska og samstarf
- ☐ Virkni barna og þátttaka
- ☐ Sjálfsefning
- ☒ Félagsfærni
- ☐ Læsi
- ☐ Sköpun
- ☐ Heilbrigði

Hvaða öðrum þáttum menntastefnunnar verður unnið að í verkefninu? (Merkið við einn eða fleiri þætti) *

- ☐ Að láta drauma barna rætast
- ☐ Fagmennska og samstarf
- ☒ Virkni barna og þátttaka

- ☐ Sjálfsefling
- ☐ Félagsfærni
- ☒ Læsi
- ☐ Sköpun
- ☐ Heilbrigði

Markmið

Hver eru helstu markmið verkefnisins, hvernig endurspegla þau þætti menntastefnunnar og hver er væntanlegur ávinningur fyrir börn í skóla- og frístundastarfi? *

Okkar helstu markmið eru að styrkja börn í félagsfærni með því að vinna með læsi og vináttu. Við viljum efla vináttu á milli barna og gera þau sterkari í félagslegum samskiptum. Fá fræðslu fyrir starfsmenn á yngstu deildinni í því að efla félagsfærni og samvinnu barna til þess að þau verði færari í að eiga ánægjuleg samskipti við aðra. Leggja áherslu á að börn fái tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og sýna öðrum virðingu. Barnaheill er með sérsniðið námskeið fyrir börn yngri en þriggja ára sem við viljum fá fyrir starfsmenn á yngstu deildinni Lundi.

Eldri deildir skólans hafa nú þegar tekið vináttuverkefni Barnaheilla. Við munum vinna áfram að góðri innleiðingu á því verkefni ásamt því að bæta Lubbi finnur málbein námsefninu við til þess að styrkja börn í læsi sem eflir þau að sama skapi í félagsfærni og eykur sjálfstraust þeirra.

Framkvæmd

Lýsing á framkvæmd verkefnisins og tímaáætlun

Við munum nota skólaárið til þess að innleiða þessa þætti sem að ofan eru taldir. Við munum senda starfsmenn í tvennu lagi af yngstu deildinni á námskeið Barnaheilla.

Lubba námskeið munum við taka inn á skipulagsdegi leikskólans að hausti. Við munum svo nýta skipulagsdaga yfir skólaárið til þess að fylgja verkefninu eftir á góðan hátt með umræðum og rýnihópum.

Mat á verkefni

Hvernig verður árangur verkefnisins metinn?

Starfsmenn ígrunda starfið á skipulagsdögum. Starfsmenn meta framþróun verkefnisins í rýnihópum með matslistum menntastefnunnar. Börnin meta starfið með demantaaðferðinni. Starfsmannahópurinn fær fyrirlestur um demantaaðferðina á starfsdegi að hausti.

Kostnaðaráætlun

Sundurliðuð kostnaðaráætlun. Gróf áætlun um laun, efniskostnað, aðkeypta þjónustu o.fl.

Námskeið fyrir starfsmenn frá Barnaheill. - 75 þúsund

Blær bangsar 50 þúsund

Námskeið Lubbi finnur málbein 113 þúsund

Hljóðasmiðjan allur pakinn 73500kr

Vanda Sigurgeirsdóttir námskeið einelti, inngrip sem virka 150 þúsund

Leiksýning með Leikhópnum Lottu. 100 þúsund

Efniskaup - 70 þús

Athugið!

Við lok verkefnis skal hver starfsstaður skila greinargerð og veita þar upplýsingar um verkefnið. Við upphaf verkefnis er 2/3 hlutar styrksins greiddir út og 1/3 við skil greinargerðar, í síðasta lagi þann 1. júní 2021. Skrifstofustjórar fagskrifstofu leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs sjá um ferli umsókna og afgreiðslu en sviðsstjóri ber ábyrgð á úthlutun.